

**Nd.**

**426. Frumvarp til barnalaga.**

**[5. mál]**

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. febr.)

Samhljóða þskj. 5 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Dómari metur á grundvelli sönnunargagna máls, hvort vefengingarkrafa samkvæmt 4. gr. verði tekin til greina.

8. gr. hljóðar svo:

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns. Nú þjuggu móðir barns og maður, sem hún lýsir föður þess, saman samkvæmt því, er greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt

öðrum ótvíræðum gögnum, við fæðingu barnsins, og jafngildir það þá faðernisviðurkenningu. Nú hafa maður, sem kona hefur lýst föður að barni sínu, og konan tekið aftur upp sambúð samkvæmt því, er greint var, og jafngildir það faðernisviðurkenningu, enda sé barn ófeðrað.

17. gr. hljóðar svo:

Framfærsluskyldu lýkur, er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma, ef barn giftist, nema valdsmaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns er heimilt að ákveða allt til þess, er barn nær 20 ára aldri.

Ákvæði 20. gr. 1. málsg. eiga við um ákvarðanir valdsmanns samkv. 1. málsg.

23. gr. hljóðar svo:

Framfærslueyri samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, og skal þá varðveita fúlguféð með þeim hætti, sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða, sbr. 38. gr. laga nr. 95/1947, eða í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, getur krafist þess, að framfærslueyri sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða hafi haft hana, er forsjárskyldu lauk, eða hafi barnið í fóstri samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefir verið innt af hendi framfærsluframlag af hendi almannavalds, og hefir þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann, sem í 1. málslið greinir.

25. gr. hljóðar svo:

Valdsmaður getur úrskurðað föður barns til að greiða framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.

Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 9 mánuði eftir fæðingu.

Skylda má menn til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein, þótt barn fæðist andvana.

29. gr. hljóðar svo:

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. gr. og 73. gr. laga nr. 67/1971, 3. gr. laga nr. 96/1971, 1. og 2. gr. laga nr. 85/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 62/1974.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um, að barn verði ekki feðrað, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1980. Á sama hátt getur barnsmóðir fengið meðlag með barni þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, sbr. 45. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980, þ. á m. um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum, er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

30. gr. hljóðar svo:

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslueyris, sbr. 25. gr. 1. málsg., fer svo sem segir í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur sem greinir í 19. gr., og barnsmóðir um greiðslur samkvæmt 25. gr. 2. málsg. og 26. gr. 1. málsg.

Alþt. 1980. A. (103. löggjafarþing).

201

þessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunarinnar eftir því sem fyrir er mælt í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkvæmt 1. og 2. málsg.

32. gr. hljóðar svo:

Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

35. gr. hljóðar svo:

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeiddisskyldum sínum svo sem best hentar hag barna og þörfum. Foreldrum ber að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og ala með þeim iðjusemi og siðgæði.

Barnið á rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða, en einstakar forsjárskyldur geta þó haldist lengur, ef þarfir barns krefjast þess. Um framfærslu- skyldu segir í 17. gr.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðilja til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Þeir, sem hafa forsjá barns á hendi, hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. 24. gr. laga nr. 95/1947.

Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því, að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Foreldrum ber að hafa samráð við börn sín, áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta, eftir því sem gerlegt er, þ. á m. með tilliti til þroska barns.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri og fósturforeldri, sbr. 14. gr. 3. málsg., svo og um sambúðarforeldri, þ. e. karl eða konu, sem er í sambúð við kynmóður barns eða kynföður samkvæmt því er greinir á þjóðskrá eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum.

36. gr. hljóðar svo:

Skilgetið, ósjálfráða barn á rétt á forsjá foreldra, sem búa samvistum, og eru þau forsjárskyld við barnið.

Nú eru foreldrar skildir að borði og sæng eða lögskildir, og fer þá um forsjá barns samkvæmt því, er segir í skilnaðarbréfi eða dómi, sbr. 38. gr.

Nú gengur lögskilið foreldri, sem hefir forsjá barns síns, í hjúskap að nýju og er forsjá barns þá einnig í höndum stjúpforeldris. Ef lögskilið foreldri stofnar til sambúðar, sbr. 35. gr. 6. málsg., er forsjá barns einnig hjá sambúðarforeldri. Ákvæði þessarar málsgreinar á einnig við um sambúðarfólk, er slítur samvistir, þar sem öðru foreldri hefir verið fengin forsjá barns.

Nú er annað foreldri látið, og hefir hitt þá forsjá barns og stjúpforeldri að auki, ef foreldri gengur að nýju í hjúskap, og að sínu leyti sambúðarforeldri, ef foreldri hefir stofnað til sambúðar, sbr. 35. gr. 6. málsg. Nú eru báðir kynforeldrar barns látnir, en stjúpforeldri eða sambúðarforeldri er á lífi, og hefir það þá forsjá barns, nema önnur skipan sé á gerð af hálfu almannavalds.

37. gr. hljóðar svo:

Ósjálfráða barn ógiftra foreldra, sem saman búa, sbr. 8. gr. 2. mgr., á rétt á forsjá þeirra beggja, og eru þau forsjárskyld við það samkvæmt 35. gr.

Nú búa foreldrar óskilgetins barns eigi saman, sbr. 8. gr. 2. mgr., og á þá barnið rétt á forsjá móður, sem er forsjárskyld við það, samkvæmt 35. gr., eða föður, ef honum hefir verið falin forsjá barnsins. Stjúpforeldri hefir einnig forsjá barns, ef því er að skipta, svo og sambúðarforeldri, sbr. 35. gr. 6. málsg. Nú andast móðir barns eða faðir, sem falin hefir verið forsjá barnsins, og fer þá stjúpforeldri (sambúðarforeldri) með forsjá barnsins, en ella hitt kynforeldrið, nema almannavald geri aðra skipan á.

Um forsjá barna foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsg. og 35. gr. 6. málsg., og slíta samvistir fer sem í 38. gr. segir.

Foreldri ósjálfráða barns, sem eigi er skilgetið, getur óskað þess, að dómsmálaráðuneytið kveði svo á, að því sé falin forsjá barns síns, þ. á m. ef hitt foreldri barns er ekki hæft til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef hitt foreldri barns hefur veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt. Ráðuneytið ræður þessu máli til lykta eftir því sem best hentar hag barns, og skal þá m. a. tekið tillit til tengsla barns við foreldri að undanfögnu.

38. gr. hljóðar svo:

Nú slíta foreldrar, sem eru giftir, eða búa saman, sbr. 8. gr. 2. málsg. og 35. gr. 6. málsg., samvistir. Ákveða þau þá, hvort þeirra fari með forsjá barns, nema í bága komi við þarfir barnsins. Í síðastgreinda tilvikinu, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefni til lykta með úrlausn dómsmálaráðuneytis að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem best hentar hag og þörfum barns. Forsjá barns skal vera óskipt hjá öðru foreldrinu. Nú er hvorugt foreldra hæft til að fara með forsjá barns, að dómi barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs), og skal dómsmálaráðuneytið þá skipa máli eftir því sem best hentar hag og þörfum barnsins.

Forsjarmálum skal ávallt skipa, þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og við úrlausn um lögskilnað. Dómsmálaráðuneyti eða dómstóll geta ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forsjá barns foreldra, sem krafist hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Dómsmálaráðuneytið getur og mælt fyrir um slíka skipan vegna samvistarsslíta foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsg. og 35. gr. 6. málsg. Ákvæði 1. málsg. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvörðunum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forsjá barns til frambúðar.

Um ákvörðun framfærslueyris með barni vegna samvistarsslíta foreldra fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. m. a. 24. gr.

40. gr. hljóðar svo:

Nú er forsjá barns aðeins í höndum annars foreldris, og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna, enda er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta. Ef sérstök atvik valda því að mati dómsmálaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag þess og þörfum, getur ráðuneytið kveðið svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við.

Ef foreldrar verða sammála um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti, skal eftir því farið, nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati dómsmálaráðuneytisins. Ef foreldra greinir á um þetta efni, kveður dómsmálaráðuneytið á um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt, nema ráðuneytið telji rétt að synja um umgengnisrétt, eins og á stendur, sbr. 1. málsg. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins.

Nú torveldar það foreldri, sem hefir forsjá barns, að h tt fái að umgangast barnið, og getur dómsmálaráðuneytið þá knúið það að viðlögðum allt að 200 króna dagsektum, er renni til ríkissjóðs, til að láta af tálmunum. Öðrum lagaúrræðum verður eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti.

Nú er annað foreldri barns lát:ð eða bæði, og geta nánir ættingjar látins foreldris þá krafist þess, að dómsmálaráðuneytið mæli fyrir um umgengnisrétt þeirra við barn. Ráðuneytið ræður máli til lykta eftir því sem best hentar hag barnsins.

Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytisins, sem breytt getur ákvörðunum sínum að ósk annars foreldris, ef hagur og þarfir barns gera slíkt réttmætt.

42. gr. hljóðar svo:

Foreldrar geta falið öðrum forsjá barna að nokkru leyti eða öllu. Þeir geta þó hvenær sem er tekið í sínar hendur forsjá barnsins, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfun haldist, sbr. lög 53/1966, 36. gr. 3. málsg. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.

Ef sá, sem fer með forsjá barns, misbeitir forráðum sínum eða vanrækir forsjárskyldur, eða hann er hneigður til drykkjuskapar eða óhæfur af öðrum ástæðum til forsjár, getur dómsmálaráðuneytið svipt hann forsjá barns og falið öðrum forsjá þess, sbr. lög 53/1966, m. a. 26. og 36. gr. Nú er annað foreldri slíkum annmarka háð, og má þá fela hinu að fara með forsjá barnsins.

Almannavald getur svipt foreldri, annað eða bæði, forsjá barns eftir því sem lög mæla fyrir um.